



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1943
komudagur 5.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar

Reykjavík 5. maí 2010

Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

0911001SA
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun - 555. mál

Frumvarpið barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 23. apríl sl.

Með frumvarpinu er lagt til að Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Vinnumarkaðsstofnun, sem hafi það hlutverk að annast stjórnýslu á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuverndarmála.

Meginmarkmið sameiningarinnar er að ein opinber stofnun fjalli um málefni vinnumarkaðarins í víðum skilningi. Er gengið út frá því að betri heildarsýn fái störf yfir verkefni sem varða aðstæður á vinnumarkaði. Standa vonir til að árangur þjónustunnar verði markvissari sem aftur verði til þess að fleiri geti tekið virkan þátt á vinnumarkaði.

Samkvæmt 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að stjórn nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar verði skipuð 11 fulltrúum og að Samband Íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn þeirra ásamt varamanni.

Núverandi stofnanir hafa mikla starfsemi úti í byggðarlögunum og því hafa sveitarfélögin ríka hagsmuni af því hvernig sameiningin verður útfærð á hverju svæði fyrir sig. Viðbúið er að umræða fari strax af stað um staðsetningu þjónustustöðva nýrrar stofnunar, en skv. 3. mgr. 1. gr. frv. er það félags- og tryggingamálaráðherra að ákveða hvar á landinu þessar þjónustustöðvar skuli vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Áhersla er lögð á að fulltrúar hlutaðeigandi sveitarfélaga og/eða landshlutasamtaka verði hafðir með í ráðum við allan undirbúning ákvarðana, þegar frá samþykkt frumvarpsins, og að opinber umræða fari fram um þá kosti sem sameiningin gefur færi á.

Ennfremur verður að tryggja að notendur njóti þess fjárhagslega ávinnings sem verður af hagræðingu. Bent er á að hér er um að ræða mikilvæga grunnþjónustu sem ríkið veitir. Almenn sátt er um að þegar hagrætt er í grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga beri að grípa til mótvægisáðgerða sem tryggja óbreytt þjónustustig eins og kostur er. Það leiðir af þessari nálgun að opinberir aðilar geti ekki reiknað sér til tekna allan þann sparnað sem verður af hagræðingu, heldur beri þeim að ráðstafa hluta hans til þeirra notenda sem mest þurfa á þjónustunni að halda.

Að mati sambandsins á þessi nálgun m.a. við um fyrirhugaða sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Sérstaklega er vísað til þess að hagræðing megi ekki bitna á þeim hópum ungs fólks, sem eru í þörf fyrir



ráðgjöf og úrræði. Er afar áriðandi að ekki verði dregið úr þjónustustigi fyrir þessa hópa úti í byggðarlögunum, hvað varðar aðgengi að möguleikum á starfi, námstækifærum, starfsþjálfun eða þátttöku í öðrum verðugum verkefnum.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis kemur fram að verði frumvarpið óbreytt að lögum megi gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um 45 mkr. á ári. Stór hluti þessa ráðgerða sparnaðar helgast af því að ekki verði greiddar þóknanir fyrir setu í stjórnnum og ráðum nýrrar stofnunar nema til formanna.

Nú er það svo að í 5. mgr. 3. gr. frv. segir að félags- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að ákveða þóknun fulltrúa í stjórn Vinnumarkaðsstofnunar. Við kostnaðarumsögnina gefur fjármálaráðuneytið sér því að framkvæmd þessa ákvæðis verði með tilteknum hætti, og burtséð frá því að hvaða marki eðlilegt er að greiða kostnað sem fulltrúar hafa af setu í stjórn eða ráði.

Sambandið hefur ítrekað komið þeirri afstöðu á framfæri við ráðuneyti, að fylgja beri þeirri reglu vegna funda í stjórnskipuðum nefndum og ráðum, að kjörnir sveitarstjórnarmenn fái dagpeninga og ferðakostnað greiddan og að tekið sé sanngjarnt tillit til vinnutaps vegna ferðalaga. Þessi afstaða byggist á því að sambandinu sé rétt og skylt að gæta þess að fulltrúar sem það tilnefnir komi sem víðast að af landinu. Með því móti endurspegli sambandið best ólíkar aðstæður sveitarfélaga hér á landi og tryggi eðlilegt jafnvægi í starfseminni.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri